



Atlantshafsbandalagið og Efnahagsbandalag Evrópu, ræða 1.desember 1961

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Atlantshafsbandalagið – Efnahagsbandalag Evrópu – Alþjóðleg samskipti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965
Askja 4-2, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 1. des. 1961

Snorri Sturluson segir frá því í Heimskringlu,
að er Olafur konungur Haraldsson fór um Dalina í
Noregi til að kristna landsfólkiað, hitti hann Dala-
Guðbrand, er þar var fyrir öðrum, og mælti konungur
meðal annars svo við hann:

" Og trúua nú á sannan guð, er skóp himin og
jörð og alla hluti veit ".

Síðan settist konungur niður, en Guðbrandur
svaraði:

" Eigi vitum vér, um hvern þú ræðir. Kallar
þú þann guð, er þú sér eigi og engi annarra. En vér
eigum þann guð, er hvern dag má sjá --- ; mun
yður hann ógurlegur sýnast og mikill fyrir sér.
Vænti ég, að yður skjóti skelk í bringu, en hann
kemur á þingið ."

Mót degi, morguninn eftir, fór konungur til
þings. Er hann kom á þing, þá voru sumir bændur
komnir. Þá sáu þeir mikinn fjölda búenda fara til
þings og báru í milli sín mannlíkan mikið, glæst

allt með gulli og silfri. En er það sáu bændur, þeir er á þinginu voru, þá hlupu þeir allir upp og lutu því skrímsli. Síðan var það sett á miðjan þingvöll. Sátu öðru megin búendur, en öðru megin konungur og hans lið. Síðan stóð upp Dala-Guðbrandur og mælti :

" Hvar er nú guð þinn, konungur ? Það ætla eg nú, að hann beri heldur lágt hökuskeggið. Og svo sýnist mér sem minna sé karp þitt nú --- heldur en fyrra dag, fyrir því að nú er guð vor kominn, er öllu ræður, og sér á yður með hvössum augum, og sé eg að þér eruð nú felmsfullir og þorið varla augum upp að sjá. Nú fellið niður hindurvitni yðar og trúið á goð vort, er allt hefur ráð yðar í hendi, " - og lauk sinni ræðu.

Síðan stóð konungur upp og mælti :

" Margt hefur þú mælt í morgun til vor
þætur þú kynlega yfir því, er þú mátt eigi sjá guð
vorn, **I**n vér vættum, að hann mun koma brátt til
vor. Þú ógnar oss guði þínu, er blint er og dauft

og má hvorki bjarga sér né öðrum og kemst engan veginn úr stað, nema borinn sé. Og vænti eg nú, að honum sé skamt til ills. Og lítið þér nú til og sjáið í austur ; þar fer nú guð vor með ljósi miklu ."

Þá rann upp sól og litu bændur allir til súlarinnar. En í því bili laust einn manna konungs, sem hann hafði til þess sett, goð þeirra, svo að það brast allt í sundur og hlupu þar út móys, svo stórar sem kettir væru, og eðlur og ormar. En bændur urðu svo hræddir að þeir flýðu. Eftir þóf nokkurt stóð Guðbrandur upp og mælti :

" Skaða mikinn höfum vér farið um guð vort,
þg þó, með því að hann máttu ekki oss við hjálpa,
þá viljum vér nú trúa á þann guð, sem þú trúir, " -
og tóku þá allir við kristni.

Þó að meira en sjö aldir séu liðnar frá því,
að þessi frásögn var skráð, og nokkuð á tíundu
öld frá því, að þeir atburðir gerðust, sem frá er
sagt, eru þeir merkilega líkir sumu því, er að hefur
borið nú fyrir skemmstu.

ENN HÆLAST SUMIR YFIR, AÐ SÁ SÉ EKKI TIL, SEM ÞEIR
EKKI SJÁ, OG HAFNA SVO MIKIÐ VIÐ SKURÐGOÐ SÍN, AÐ
ÞEIR HAFNA REIST ÞEIM FAGURBÚIÐ HÝSI. ÞAR Á ÞAKI
STANDA HELZTU HöFÐINGJAR, ÞEGAR ÞEIR LÁTA ALPÝÐU
OG HERLIÐ SITT HYLLA SIG, ENDA GÆTA VOPNAÐIR VERÐIR
ÞESS, AÐ EKKI KOMIST NEMA FÁIR ÚTVALDIR Á ÞAKIÐ.

NÚ HAFNA ÞESSIR SKURÐGOÐADÝRKENDUR RUTT ÖÐRU GOÐINU,
SEM Í HÝSINU VAR, AÐ BROTT, HAFÐI SÁ ÞÓ Í LIFANDA LÍFI
OG FYRST EFTIR AÐ HANN VAR SMURÐUR OG LAGÐUR FRAM
TIL SÝNIS VERIÐ SAGÐUR Í MYND ALLRAR VIZKU OG MANNGÆÐA.
LEIÐ ÞÓ EKKI Á LÖNGU ÞANGAÐ TIL FYRRI DÝRKENDUR HANS
TÓKU AÐ KEPPAST UM AÐ LÝSA ÞEIM ÓFÖGNUÐI, ER Í SKJÓLI
HANS ÞRÓAÐIST, OG ER ÞAR SÍZT FEGURRA UM AÐ LITAST EN
ÞEGAR ÚR GOÐI DALAMANNA HLUPU MÝS, SVO STÓRAR SEM
KETTIR VÆRU, EÐLUR OG ORMAR.

ÆTLA MÆTTI AÐ ÞEIR, ER ÞVÍLÍKAN ÓFÖGNUÐ HAFNA
REYNT OG SÉÐ, HYRFU NÚ TIL BETRA RÁÐS. EN ÞEIR HAFNA
EKKI ÞROSKA NÉ VITSMUNI DALA-GUÐBRANDAR OG MANNA
HANS, SEM TÓKU UPP NÝJAN SIÐ Í SAMRÆMI VIÐ KALL

tímans. Enn er öðrum smurningnum haldið á sínum tilbeiðslustalli og upphafsmanni þessara furðulegu trúarbragða reist mikil líkneskja til þess að almúginn hafi jafnt sem áður tvö skurðgoð fyrir augum. Engu haggar þó að þessir skurðgoða-dýrkendur nútímans segi sjálfa sig ekki trúá á yfir-náttúrulega hluti. Athæfi þeirra og hugsunarháttur á bersýnilega fremur heima aftur í grárri forneskju en á tímum almennrar menntunar og sívaxandi áhrifa vísindanna. Sjálfir ríghalda þeir í löngu úreltar kenningar sínar, sem þeir kalla æðstar allra vísinda, þótt leitt hafi til þeirra óskapa, sem nú blasa við öllum. Þessi hugsunarháttur verður því hættulegri sem þeir, er honum eru haldnir, ráða yfir nútíma-tækni og ógnarafli, sem nægja mundi til að tortíma öllu mannfólki á jörðu hér. Að vísu boða þeir í öðru orðinu friðarvilja sinn en segjast í hinu áður en yfir ljúki munu búa gröf öllum þeim, sem ekki fallast á, að skurðgoðin hafi í lifanda lífi fundið

óhagganleg lögmál eilífrar þjóðfélagsþróunar.

I þjóðfélagi ekkar og annarra frjálsra manna er margt með öðrum hætti en vera skyldi. En ólíkt lengra erum við komnir á veg en hinir, sem ausa lifandi harðstjóra oflofi, gera hann láttinn jafnskjótt að skurðgoði en velta honum innan stundar af stalli vegna stórglæpa, sem þeir segja hann hafa framið á valdatíma sínum og með þeim hætti, að með vitund allra og atbeina flestra forystumanna hefur hlutið að vera.

Eiginlegt lýðræði og virðing fyrir friðhelgi einstaklinga hafa enn ekki náð þroska nema hjá ^{A ritari óldum hafa} fáum þjóðum. Engilsaxar, Norðurlandaþjóðir og Svisslendingar hafa þar ~~heft~~ forstu. Við lok ^{Banda-} fyrri heimsstyrjaldar þóttust menn tryggja heiminn ^{Lins og Wilson Bandaríkjaforseti komust at arti.} fyrir lýðræði, Því miður fór fjarri að svo færni, jafnvel í vestanverðri Evrópu, þar sem menning var þó komin á hærra stig en víðast annars staðar.

Vegna þess að lýðræðisríkin héldu ekki saman og

eфldu ekki varnir sínar í tæka tíð, brauzt seinni heimsstyrjöldin út. Hún færði mikið böl yfir mannkynið. Áhrif hennar urðu samt að því leyti til góðs, að þær þjóðir, sem vestræn ríki höfðu áður undirokað, hafa í kjölfar hennar flestar fengið frelsi, og hin dugmikla þýzka þjóð, ein öflugasta í vestanverðri Evrópu, virðist nú hafa sannfærzt um kosti lýðræðis og mannhelgi umfram einræði og þjónshlutverk þegnsins gagnvart ríkisheildinni.

Þó að kostir lýðræðis og frelsis séu margir, hættir lýðræðisþjóðum til að láta reka á reiðanum og taka ekki á sig meiri byrðar og óþægindi heildarinnar vegna en minnst verður komið af með. Ríkið verður sterkara til sóknar og varnar út á við og til sameiginlegra átaka inn á við, a.m.k. um sinn, þar sem allir lúta einum vilja. Nú eins og oft áður hefur þurft sameiginlega hættu til að stugga við lýðræðisþjóðunum. Það er hættan frá skurðgoða-

un
dýrkendum, sem einkum hefur skapað hið
vestræna samstarf.

Atlantshafsbandalagið var stofnað í varnar-skyni, eftir að hver þjóðin í Austur-Evrópu á fætur annarri hafði misst frelsi sitt. Atburðirnir í Finnlandi síðustu vikur hafa sýnt, við hvílíkt öryggis-leysi frjálshuga þjóð, sem vegna allra aðstæðna getur ekki notið verndar Atlantshafsbandalagsins, á við að búa. Fjarstæða er, að Atlantshafsbandalagið hyggi á árás. Bandaríkin eru meginstoð bandalags-ins. Meðan þau réðu ein yfir kjarnorkuvopnum, höfðu þau ráð allra annarra í hendi sér. Ef þau hefðu þá viljað steypa Sovétstjórninni af stóli með vopnavaldi, hefði þeim verið það í lófa lagið.

Alveg eins og Bretar og síðar Bandaríkjamenn hefðu í seinni heimsstyrjöldinni getað látið viðureign ~~þeim helju fréttum sem sigrar fiskbra magista en með meðal heimskiptum sem ófá minn um~~ Þjóðverja og Rússa afskiptalausa. En þeir veittu ~~þeim~~ ^{þær} ~~veri með~~ þá Rússum alla þá aðstoð, sem þeir máttu.

Lýðræðisríkin hafa sannarlega ekki hug á að fara með hernað á hendur Sovétríkjunum.

Hitt væri verra en glapræði, það væri hreinn glæpur, ef þau biðu þess hvert um sig, ein og óviðbúin, að frelsi þeirra og sjálfstæði væri tortímt.

Betta á jafnt við um Íslendinga sem aðrar frjálsar þjóðir. Sjálfsgagðara er en segja þurfi, að við viljum lifa í sátt við alla og ágirnumst ekki neitt frá neinum. En, eins og aðrar sjálfstæðar þjóðir, verðum við nokkuð til frelsisins að vinna. Í vínáttusamningi Sovétsamveldisins og Finnlands segir, að Finnland muni, trútt skyldum sínum sem sjálfstætt ríki, berjast gegn vopnaðri árás. Þarna er af beggja hálfu viðurkennt, að hverju sjálfstæðu ríki beri skylda til þess að tryggja varnir sínar. Sú skylda er ekki einungis gagnvart eigin þjóð, heldur og gagnvart öðrum. Aðrar þjóðir vilja ekki una því, að landssvæði nágranna þeirra sé valdatómrum, þar sem hver og einn getur fyrirhafnarlaust ráðið inn og síðan notað landið sem stökkpall til árása á nágrannana.

Við íslendingar erum of fáir til þess, að við gætum einir varið land okkar, jafnvel þótt við værum vanir vopnaburði og hefðum fjárhagslegan styrk til vígbúnaðar, sem hvorugt er fyrir hendi. En ef við viljum láta viðurkenna sjálfstæði okkar, verðum við í hættusönum heimi að tryggja hér lágmarkslandvarnir. Til hverra við leitum samstarfs í þeim efnunum, fer eftir hvorutveggja: legu landsins og okkar eigin huga. Gæfumuninn gerir, að hvortveggja leiðir til sömu niðurstöðu hjá okkur, gagnstætt því, sem um suma aðra er.

Stundum heyrist, að við glötum sjálfstæði okkar með því að tryggja landinu varnir. Slíkt er algert öfugmæli. Varnirnar eru einmitt trygging sjálfstæðisins. Baráttan fyrir þeim er mikilsverðasta sjálfstæðismál okkar kynslóðar. Atlantshafsbandalagið er samtök sjálfstæðra og fullvalda ríkja. Þau hafa skuldbundið sig til ákveðinnar samvinnu um tiltekið árabil, 20 ár.

Samkvæmt sjálfum Atlantshafssamningnum höfum við ekki skuldbundið okkur til að hafa neitt varnarlið í landinu á friðartímum, hvorki okkar eigið né annarra. Uggur vegna versnandi ástands varð til þess, að varnarsamningurinn við Bandaríkin var gerður rúmum tveimur árum eftir að Atlants-hafssáttmálinn hafði verið saminn. Að undangengnu umsömdu samráði getum við með tiltölulega skömmum fresti sjálfir kveðið á um það, að hið erlenda varnarlið skuli hverfa úr landi. Því miður hafa atvik ekki verið slík né eru horfur á því í bráð, að þau verði slík, að óhætt sé að láta landið vera með öllu óvarið. Þvert á móti er margt, sem bendir til þess gagnstæða, og á meðan svo er þarf að sjálfögðu ætíð að gæta þess að varnirnar séu nógu öflugar svo að þær komi að tilætluðu gagni.

þugðist við

Á meðan valdið ræður og friðurinn ~~lærling~~ spjóts-oddum, verða allir þeir, sem unna frelsi og friði, að leggja sitt af mörkum til að jafnvægi haldist,

svo að yfirlangsöfl freistist ekki út í ævintýri,
af því að þau haldi, að leikurinn verði þeim of
léttur.

Stundum heyrist því haldið fram, að við
aukum á spennu með því að leyfa erlendu hliði
að dvelja í landi okkar og gerum jafnvel frændþjóðum
okkar á Norðurlöndum erfiðara fyrir um að neita
erlendum herstöðvum í löndum sínum. Hér er
gerólkú saman að jafna. Allar aðrar Norðurlanda-
þjóðir, og raunar allar þjóðir hvarvetna sem til
hefur spurzt, hafa einhvern her, misjafnlega sterkan
að vísu, en svo sterkan sem hver þeirra um sig
telur atvik standa til. Ef við Íslendingar hefðum
eigin her, væri hægt að bera okkur saman við þær
að þessu leyti. En á meðan svo er ekki, verðum
við að njóta aðstoðar annarra, ekki fyrst og fremst
þeirra vegna, heldur okkar vegna sjálfra.
Nauðsynlegar varnir Íslands eru óhákvæmileg
forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Ef menn

skjóta sér undan skilningi á þeirri staðreynd og rökréttum afleiðingum hennar, bregðast þeir þjóð sinni, og setja í hættu þann arf, sem aldalöng barátta forfeðranna hefur fært okkur.

Vestræn samvinna nær ekki til varnanna einna. A ófriðarárunum átti sér stað margháttuð efnahagssamvinna hinna Sameinuðu þjóða, er í ófriðarlok stofnuðu það allsherjarbandalag, sem nú kallast því nafni. A stríðsárunum stóðu Bandaríkjamenn undir þessari samvinnu með láns- og leigulögum sínum. An aðstoðar þeirra hefðu sennilega hvorki Bretar né Rússar getað haldið út í viðureigninni við Þjóðverja. Bandaríkjamenn hættu þessari hjálp skyndilega eftir ófriðarlok og leiddi af því mikla örðugleika fyrir þá, sem aðstoðar höfðu notið. Lá þá við algjöru efnahagsöngþveiti í Evrópu, sem var sundurflakandi eftir hervirki ófriðarins. Varð það til þess, að Bandaríkjamenn hófu Marshall-samstarfið, er þeir buðu öllum

Evrópubjóðum, lýðræðisbjóðum jafnt sem
kommúnískum, þátttöku í. Sovéttstjórnin
neitaði sjálf aðild að hinu nýja samstarfi og neyddi
önnur lönd austan járntjalds til að hafna því
einnig. Flest Vestur-Evrópuríki gerðust aðilar
þessa samstarfs og var með því lagður grundvöllur
að ótrúlega örum efnahagsuppgangi um vestanverða
álfuna.

Eftir að beinum framlögum Bandaríkjamaðanna
lauk, var samstarfinu haldið áfram innan hinnar
svokölluðu Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu
(OEEC) í París, sem á þessu ári hefur fært út
starfssvið sitt, með því að Bandaríkin og Kanada
hafa einnig gerzt aðilar, og er stofnunin síðan
nefnd Efnahags- og framfarastofnunin, og einkennd
með stöfunum OECD. Hún beitir sér fyrir marg-
háttuðu samstarfi í efnahags- og viðskiptamálum
og höfum við Íslendingar ekki síður en aðrir haft

gagn af því. Þarna er eingöngu um að ræða forystu um margháttar samstarf og samráð, en ekki úrslitaráð stofnunarinnar sjálfrar.

Nokkrar meginlandapjóðir hafa hinsvegar bundizt nánari samtökum, fyrst um stál- og kolaframleiðslu, síðan um kjarnorkumál og loksum svokallað Efnahagsbandalag Evrópu. Aðilar þess eru Frakkland, Þýzkalund, Ítalía, Belgía, Holland og Lúxemburg. Með öllu þessu samstarfi hefur efnahagskerfi þáttakenda að verulegu leyti verið sameinað og vakti þá í upphafi ekki sízt fyrir mönnum að eyða hinni gömlu óvild milli Þjóðverja og nágranna þeirra og tengja allar þessar þjóðir þeim böndum, er líklegt geri, að þær lifi framvegis í sátt og samlyndi. Mikið hefur þegar áunnizt í þeim efnum og er vafalaust, að sættir Þjóðverja og Frakka og hin nána samvinna, sem þeir hafa nú tekið upp, er einn heillavænlegasti atburður, sem gerzt hefur um okkar daga. Jafn-

framt hefur þessi samvinna og hinn stóri sameiginlegi markaður, sem nú er að myndast, og hagnýt verkaskipting milli aðilanna orðið til þess að skapa skilyrði fyrir örari framleiðsluaukningu og skjótari kjarabótum alls almennings, en ella hefðu verið hugsanlegar.

I Efnahagsbandalagi Evrópu, sem eins og Sameinuðu þjóðunum er ætlað að standa til frambúðar og hefur því engin fyrirmæli um félagsslit né úrsögn, fela þátttokuríkin sameiginlegrí yfirstjórn ákvörðunarrétt í efnahagsmálum að nokkru leyti. I yfirstjórninni eiga aðildarríkin fulltrúa og fer fjöldi þeirra nokkuð eftir fólksmergð hvers um sig og getur aukinn meirihluti tekið fullnaðarákvarðanir fyrir alla aðila í því fleiri atriðum sem tímar líða, án þess að hver einstakur aðili hafi neitunarvald. Þarna er fyrst og fremst um tollabandalag að ræða, en því fylgir, að þegnar hvers einstaks ríkis eiga

að hafa jafnrétti eða sem næst því í öllum hinum ríkjunum til atvinnu og atvinnurekstrar, enda á fjármagnsflutningur milli aðildarríkja að vera frjáls. Að lokum skal hinni sameiginlegu yfirstjórn vera heimilt að kveða á um sameiginlega stefnu í viðskiptamálum og þar með hafa ákvörðunarvald um viðskiptasamninga einstakra aðildarríkja.

I fyrstu fylgdust Bretar með undirbúningi að stofnun ~~Efnahagsbandalagsins~~. Af þátttöku þeirra varð þó ekki, og beittu þeir sér í staðinn fyrir tilraunum til stofnunar fríverzlunarsvæðis Evrópu, sem ~~Efnahagsbandaglið~~ yrði hluti af. Samningar um þetta, sem stóðu árin 1956 - 1958, tókust ekki vegna þess að löndin utan ~~Efnahagsbandalagsins~~ vildu ekki fallast á að mynda tollabandalag né töldu nauðsynlegt, að efnahagssamvinnan ~~á örðum svíðum~~ en tollamálum yrði eins náin og bandalagsríkin óskuðu. Varð það úr, að sjö þessara ríkjum undir forystu Breta ~~stofnuðu í ársbyrjun 1960~~ Fríverzlunars-

bandalag Evrópu með það fyrir augum að draga úr afleiðingunum af tilkomu Efnahagsbandalagsins á efnahag þeirra og starfa að viðskiptalegri sam- einingu allrar Evrópu. Eftir því, sem tímar liðu fram, hafa þessi lönd, og þá einkum Bretar, sannfærzt um, að sú viðskiptalegur sameining geti aðeins ~~átt~~ ^{þátt} á þeim grundvelli, að þau Evrópuríki, sem utan bandalagsins standa, gerist aðilar eða aukaaðilar sjálfss Efnahagsbandalagsins. Þrátt fyrir það þótt Bretland, vegna tengsla sinna við samveldislöndin, telji marga annmarka á því að bindast Evrópolöndunum svo náið sem Efnahags- bandalagið gerir ráð fyrir, búast flestir við, að það muni innan skamms gerast aðili þess.

Danmörk hefur þegar leitað aðildar og er talið fullvist, að hún muni feta í fótspor Breta, hvað sem um þá verður. Allar horfur eru á, að Noregur fylgi þar á eftir, Írland hefur einnig leitað

aðildar, Grikkland gert sérsamning, en þó mun gert ráð fyrir, að það gerist fullur aðili áður en yfir lýkur, og líklegt að eins fari um Tyrkland. Svíþjóð, Svissland og Austurríki hafa hinsvegar ekki hug á fullri aðild, vegna þess að þau vilja halda fast við hlutleysisstefnu sína í alþjóðamálum, en hafa ákveðið að sækja um aukaaðild. Um

Svíþjóð a.m.k. ætla menn, að sjálfar efnahags skuldbindingarnar vaxi þeim ekki í augum, *þó at þær vilji ekki taka að sig meina skuld hinni aðgengið, sem öflugasta efnahagssamsteypa, sem til er í heiminum.* *þegi innar*

Ef svo fer sem horfir, myndast hér því ein *þein tilgreinast heilt.* Að fólksmergð og framleiðslumöguleikum standa þessi ríki öll sameinuð Bandaríkjunum og Sovétsamveldinu, hvoru um sig, fyllilega á sporði.

Eyðing fjarlægða og aukin tækni knýja ríkin nauðug viljug til þvílíkrar samvinnu, ef þau eiga ekki að dragast aftur úr.

Þessi atburðarás skapar mikinn vanda fyrir okkar þjóð. Líklegt er, að ef einungis er hugsað

um skjóta efnahagsþróun og öran og mikinn bata lífskjara, sé engin leið vænlegri en sú að gerast sem fyrst fullkominn aðili Efnahagsbandalagsins.

~~Aftur a miði~~
~~Arhinn~~ böginn getum við lent í miklum vandræðum

með sölu afurða okkar, ef þær útilokast frá hinum stóra, sameiginlega markaði, sem í myndun er.

Með því að standa utan við, missum við ~~pers. vagna~~ jekki einungis af hinum skjótu framförum, sem aðildar-

þjóðirnar ætla sér, heldur getur hagur okkar orðið mun örðugri en áður sökum markaðsmissis.

~~þó manas at gata.~~ Hér eru ~~þó ýmisir annarr markaði~~. Að vísu ~~arkja~~ eru möguleikar á því, að við ~~meðum~~ ~~getum~~, þegar ~~bandalagið~~ stundir líða, ~~þa~~ fengið markað fyrir allar eða mestar framleiðsluvörur okkar í þessum löndum. En eins

og nú háttar höfum við einnig mikilsverða markaði í Bandaríkjunum og löndunum austan járntjalds.

Mikil trygging er/því að geta selt vörur sínar sem víðast og vera engum einum háður. Ef Bandaríkin

ásamt brezku samveldislöndunum og þorra
ríkja Afríku og Suður-Ameríku tengjast
Efnahagsbandalaginu, með einum eða öðrum hætti,
á eins og ýmsir búast við, en sennilega þó tölувert
langt í land, mundi okkur enn hættulegra en ella
að útilokast frá hinum sameiginlega markaði.

Vist er, að fáir vildu, að við ættum engrá markaða
völ annarra en í löndunum austan járntjalds.

Viðskiptin þar eru að ýmsu leyti hagkvæm, en
vöruúrvval þar er, eins og neytendur þekkja af eigin
raun, harla takmarkað og mörg framleiðsla þaðan
ekki samkeppnisfær við það sem annars staðar að
er hingað flutt. Reynsla Júgóslavíu, Albaníu og
Finnlands er einnig slík, að ekki er trúlegt, að
aðra en þá, sem óska eftir að fá fyrirmæli utan að,
um hverjir skuli skipa ríkisstjórn í landi þeirra,
fýsi þess, að Island komist í sömu aðstöðu.

þá þá þá þá
Þá þáns ver einnig að minnast, að mörg þau
ákvæði, sem eðlileg eru fyrir þjóðir, sem nokkurn

veginn standa á sama stigi, eru í þéttbýlum,
fullbyggðum löndum, þar sem flestar orkulindir
eru þegar nýttar, eiga ekki við um fámenna þjóð-
í strjálbýlu landi, sem enn er ekki nema að litlu
leyti nýtt og um margt aftur úr í tæknilegum efnum.
Því öflugri sem þjóð er, því fremur hefur hún ráð
á að takmarka fullveldi sitt í einstökum efnum.
Máttur hennar er svo mikill, að lítil hætta er á,
að á móti óskum hennar og hagsmunum verði gengið.
Þar er þörfin fyrir sameiginlega nýtingu auðlinda
hinsvegar svo rík, að eðlilegt er, að eitt sé látið
yfir alla ganga. Auðlindir okkar og framleiðsla
eru aftur á móti svo lítils um verð fyrir fyrir aðra,
að þeir geta nokkurn veginn látið sér á sama standa,
hvorum megin hryggjar liggja, þó að á öllu velti
fyrir okkur.

I efnahagsmálum (stendur allt óruvísið en :
~~þarf ekki ritast óvan~~
varnarmálum, Lega landsins er slík, að úrslitum
kann að ráða í átokum um heimsyfírráð, ~~hver~~ ^{hver} ~~réður~~

verðum
Við sjálfir eigm að vísu mest í húfi, en ýmsir aðrir kunna þó einnig að eiga líf og velferð undir því, að Ísland sé varið. Engu varnar- að síður hefur samstarf í /málum tekizt án þess að við þyrftum að skerða fullveldi okkar eða úrslitaráð. Vegna smæðarinnar varðar efnahagur *þegar* okkar aðra sáralitlu / þess vegna er eðlilegt, að við hikum við að láta þeim í té úrslitaráð yfir nokkrum þáttum hans.

Með þessu er ekki sagt, að við eigm ekki að taka þátt í efnahagssamstarfi nágranna okkar og vina. En við getum því aðeins gert það, að tekið sé réttmætt tillit til okkar óumdeilanlegu sérstöðu og sérþarfa. Sambærilegt verður að vera það, sem hver og einn innir af hendi, og einnig það, sem hver lætur í té og aflar í staðinn.

En við skulum gera okkur grein fyrir, að vegna þess að samstarf okkar við aðra í efnahags- málum er þeim ekki nauðsyn, þótt á því kunni að

velta, hvort við komumst betur eða verr af, þá
hafa þeir frá þróngu eigin hagsmuna sjónarmiði
minni ástæðu til að hnika til okkar vegna. Raunar
má segja, að þeir geti gert sér það að meinfanga-
lausu, sökum þess að um framleiðslu okkar muni
hvort eð er ekki. En þá kemur óttinn við, að
skapað sé fordæmi, er losað gæti um miklu meira
og hjá fleirum en okkur í fljótu bragði virðist hætta á.
Vandi okkar verður þess vegna ekki leystur nema
okkur takist að vekja skilning á okkar högum og við
njótum góðvildar þeirra, sem málum ráða. En
sízt skulum við gleyma því, að þeim mun skemur
munum við þurfa að ganga í réttindaveizlunum til
annarra, sem við þurfum minna til þeirra að sækja, ~~b.e.o.s~~
því sterkari og heilbrigðari sem okkar eigin efna-
hagur er - eða við látum okkur ~~minna~~ nægja.

Bú es betra
an biðja sé,
halr es heima hvern;
þótt tvær geit eigi
ok taug reptan sal,
þat es þó betra an bæn.

Þeir, sem óttast að of miklu verði fórnað með aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, sýna að hugur fylgir máli, en annarlegar ástæður ráði ekki, ef þeir gera sitt til, að hér skapist öruggur og traustur efnahagur. Ef þeir hinsvegar í senn vilja hindra aðild að þeim samtökum, sem líklegust eru til að færa okkur skjóta hagsæld, og gera sitt til að hindra nauðsynlega efnahagsuppbyggingu og jafnvægi í fjármálum, á meðan við erum utan bandalagsins, þá sanna þeir, að fyrir þeim vakir ekki velfarnaður íslenzku þjóðarinnar.

Eða a. m. k. telja þeir, að hann sé háður því, að þjóðfélag okkar sé fyrst lagt í rústir, svo að hér skapist rúm fyrir hallir skurðgoðadýrkendanna.

Oneitanlega væri íslenzka þjóðin betur vaxin þeim vanda að taka ákvörðun í þessu mikla vandamáli - og raunar öllum öðrum, ef verulegur hluti hennar lyti ekki enn skurðgoðunum. Er ekki

tími til þess kominn, að greindir og að upplagi
góðviljaðir menn hverfi frá þeirri trú, þar sem
kattefldar mýs, eðlur og ormar einkenna bezt það,
sem eftir verður, þegar skurðgoði er steypt af stalli
eða preláta velt af helgistóli ? Með engu móti
gætu þessir menn aflað sjálfum sér meiri sæmdar
eða orðið þjóð sinni fremur að gagni en að láta
ófögnuðinn, sem nú er fyrir allra augum, sér að
kenningu verða, segja nú nóg komið og sanna
sinnaskifti sín í verki svo sem góðum drengjum
sæmir.

Vandinn er ærinn, þótt við gætum allir
gengið óbundnum huga til lausnar honum, því að
aldrei hefur fremur en nú riðið á því að fylgja
hinu fornkveðna;

Gáttir allar
áðr gangi fram of skotiske skyli
of skyggast skyli.

Fylgjumst með því sem gerist og gætum þess,

eftir því sem föng eru á, að eftir hagsmunum okkar og þörfum sé munað. Íslendingar mega ekki fremur í þessu en öðru verða aftur úr alþjóðlegri þróun. Við verðum að vera reiðubúnir til þess að leggja í alþjóðasamskiptum af mörkum það, sem með sanngirni verður af okkur krafizt.

En þar verður sanngirnin að ráða á alla vegu.

Vestræn samvinna hefur nú þegar orðið til mikils góðs, fyrir okkur Íslendinga ekki síður en aðra. Við viljum því styrkja hana og efla, en við gerum það bezt með því að glata ekki því, sem forfeður okkar kepptu eftir í aldalantri baráttu. Og við skulum muna, að það var ekki vegna þess að Steingrímur Thorsteinsson vildi ráða saman fagur-yrðum heldur af biturri reynslu kynslóðanna, þegar hann kvað til fósturjarðarinnar, *og uit tókum heilsunum undin:* Aldrei, aldrei bindi þig bönd nema bláflötur Ægis við klettóttu strönd.